

## Stærðfræði í samverustund eða hópastarfi

### Hugmynd 1:

- Útbúa tvær tegundir af spjöldum til að nota (gott að hafa hvorn flokk í sér lit) Annar flokkurinn snýr að talningu en hinn að hreyfingu/talningu. Skrifa á spjöldin hvað á að gera og krakkarnir sem sitja saman í hring skiptast á að draga spjald og framkvæma það sem stendur á spjaldinu.
- Á spjöldin sem snúa eingöngu að talningu er hægt að skrifa t.d: teldu hvað margir eru í bláum buxum, teldu hvað margir eru í inniskóm, teldu hvað margir eru í hvítum sokkum, hvað eru margir gluggar hér inni, hve mörg borð hér inni, hve margir fullorðnir, hve mörg börn, hve margir stólar o.s.frv.
- Á spjöldin sem snúa að hreyfingu/talningu er hægt að skrifa t.d: hoppaðu fjórum sinnum á öðrum fæti, farðu tíu skref áfram, hoppaðu eins og froskur fimm sinnum, veldu þrjú börn til að standa í röð og hoppaðu jafnfætis í kringum þau, hoppaðu afturábak sex sinnum, labbaðu afturábak í kringum allan hópinn o.s.frv.

### Hugmynd 2:

- Í þetta eru notaðar fimm plastfötur sem eru ferkantaðar (sandkassafötur)- sjá myndir neðst á síðu) Á eina hlið á hverri fötu eru límd formin sem eru í rökkubbakassanum (hringur, ferningur, rétthyrningur, þríhyrningur og sexhyrningur). Formin eru gerð í tölvu, prentuð út og límd á föturnar með bókaplasti. Á eina hlið eru svo tölustafir 1-5 límdir á sama hátt, á aðra hlið 6-10 og á þá síðustu 11-15. (Þetta er miðað við 4 ára og eldri en ef gert er fyrir yngri er nóg að hafa tölustafina upp í 5 og hafa svo bara hring, þríhyrning og ferning á annarri hlið)
- Hægt er að nota rökkubbana þegar leikið er með formin en líka má gera þau í tölvu, prenta út og setja í gegnum plöstanarvélina. Þegar formin eru valin í þennan leik er formahliðin á fötunum látin snúa að krökkunum. Þau draga form úr poka til skiptis, eiga að segja heiti forms og setja í rétta fötu. Ef rökkubbarnir eru notaðir er upplagt að þau þurfi að segja lögum, lit, stærð og þykkt og setja svo í rétta fötu. Kubbararnir í rökkubbasettinu eru stórir, litlir, þykkir og þunnir ásamt því að vera mislitir. Góð hugmynd er að hvor aðferðin sem er notuð þá er ágætt að hafa ekki sama fjölda af formunum því í lokin er hægt að telja upp úr fötunum hvað er mikið af hverju, hvaða form kom oftast, sjaldnast, var jafnmikið af einhverju o.s.frv. Gott er svo í lokin að raða formunum upp eftir fjölda í n.k. súlurit.
- Varðandi tölustafina þá eru tölustafir 1-5 límdir á föturnar með bókaplasti en ca. 10 eintök af hverjum tölustaf eru prentuð út og plöstuð í plöstanarvél. Ákveðið hvaða tölustafi á að nota (hægt að nota 1-5, 6-10, 11-15 eða hafa úr öllum flokkum. Það sem á að finna snýr alltaf að krökkunum. Leikið með þetta á sama hátt og með formin.

### Ath:

- Við höfum leikið okkur með þetta á öllum deildum í mjög mörg ár og oft er farið með föturnar inn í sal, þær settar öðrum megin í salinn og lausu formin/tölustafir eru settir í hinn endann á salnum og dreift þá á gólfið. Krakkarnir hlaupa þá á milli (sækja sér form/tölustaf og hlaupa með hann yfir salinn og setja í rétta fötu áður en þeir hlaupa til baka til að ná í meira)

